

**270. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
miðvikudaginn 8. október 2025 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Liv Aase Skarstad varaformaður, Ragnheiður Helgadóttir varamaður, Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja, Jónína Erna Arnardóttir skólastjóri tónlistarskóla, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Maren Ósk Elíasdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2508059 - Gjaldskrár 2026

Umfjöllun um gjaldskrár fyrir árið 2026 með áherslu á Tónlistarskólann á Akranesi.

Jónína Erna Arnardóttir skólastjóri tónlistarskólans situr fundinn undir dagskrárlíðnum.

Lagt fram.

2. 2509120 - Erindi frá Sundfélagi Akraness um aðkomu Akraneskaupstaðar að árlegu sundmóti félagsins

Umræðu framhaldið frá síðasta fundi skóla- og frístundaráðs.

Daníel S. Glad forstöðumaður íþróttamála- og íþróttamannvirkja og Heiðar Mar Björnsson framkvæmdarstjóri ÍA sitja fundinn undir dagskrárlíðnum 2-4.

Skóla- og frístundaráð óskar eftir því við framkvæmdarstjóra ÍA að afla frekari gagna um uppgjör stærstu íþróttamóta sem haldin eru á vegum aðildarfélaga ÍA.

3. 2508004 - Kraftlyftingafélag ÍA - húsnæði og starfsemi

Á fundi skóla- og frístundaráðs 6. ágúst s.l. var forstöðumanni íþróttamála- og íþróttamannvirkja, í samstarfi við fulltrúa kraftlyftingafélagsins, falið að finna starfsemi félagsins hentugt rými í íþróttahúsinu á Vesturgötu.

Skóla- og frístundaráð fagnar því að starfsemi Kraftlyftingafélags Akraness flytjist aftur í íþróttamannvirki Akraneskaupstaðar, n.t.t. í íþróttahúsið á Vesturgötu.

Ráðið felur sviðsstjóra að gera viðeigandi ráðstafanir varðandi leigusamning vegna húsnæðis að Þjóðbraut 13A.

4. 2510043 - Skipulag og nýting búningssklefa í nýja íþróttahúsinu á Jaðarsbökkum

Sameiginlegt erindi frá forstöðumanni íþróttamála- og íþróttamannvirkja og framkvæmdarstjóra ÍA varðandi skipulag og nýtingu á búningssklefum í nýja íþróttahúsinu á Jaðarsbökkum.

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að vinna málið áfram. Ráðið óskar jafnframt eftir því að fá fulltrúa frá skipulags- og umhverfissviði inn á næsta fund ráðsins til að fara yfir málavexti.

5. 2505217 - Fjárhagsáætlun 2026 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2027-2029

Umfjöllun um fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 með áherslu á þá málaflokka sem heyra undir skóla- og frístundaráð.

Lagt fram til kynningar.

6. 2510042 - Heillaspor - heildræn nálgun í skóla- og frístundastarfi

Skóla- og frístundasvið Akraneskaupstaðar hefur hafið innleiðingu á Heillasporum - verkefni á vegum Miðstöðvar menntunar- og skólaþjónustu.

Heillaspor er heildræn nálgun til að styðja við farsæla þátttöku barna í skóla- og frístundastarfi. Um er að ræða skólaþróunarverkefni þar sem fræði og starfshættir á vettvangi eru tengd saman í gegnum sex leiðandi vörður Heillaspora.
<https://island.is/s/midstod-menntunar-og-skolathjonustu/heillaspor>

Lagt fram til kynningar.

7. 2501006 - Fundargerðir 2025 - menningar- og safnanefnd

Lagt fram.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30.